



## Fundargerð

1483. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
19. september 2024, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðbergur I. Reynisson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Margrét A. Sanders boðaði forföll. Guðbergur I. Reynisson sat fundinn í hennar stað.

\* \* \*

1. Fjárhagsáætlun 2025-2028 (2024050440)  
Umræður um fjárhagsáætlun Reykjaneshæjar.
2. HB 64 - grænn vistiðngarður (2022100542)  
Halldór Karl Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs mætti á fundinn.  
Lagt fram minnisblað um verkefnið HB64 um stöðu verkefnisins og tillögum um næstu skref.  
Bæjarráð samþykkir að heimila fulltrúum sveitarfélagsins í bakhjarlahópi verkefnisins að vinna áfram í málinu í samræmi við þær tillögur sem fram koma í minnisblaðinu.
3. Greiðslufyrirkomulag lóðarleigu - svar við fyrirspurn (2024090030)  
Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn. Tekið fyrir svar við fyrirspurn sem barst bæjarráði 5. september sl. vegna lóðaleigusamnings.  
Fjármála- og stjórnsýsluvið Reykjaneshæjar staðfestir að lóðarleiga er innheimt í samræmi við ákvæði lóðaleigusamnings umræddrar lóðar.  
Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur staðgengli bærarstjóra að svara fyrirspurninni fyrir hönd bæjarráðs.
4. Stefna um starfsmannaíbúðir á Suðurnesjum - beiðni um umsögn (2024080039)  
Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn.  
Lögð fram beiðni um umsögn frá umhverfis- og skipulagsráði vegna tillögu um stefnu um starfsmannaíbúðir og gistimöguleika starfsmanna á framkvæmdasvæðum í sveitarfélögum Reykjaneshæjar og Suðurnesjabæjar.
5. Skilavegir - Reykjaneshæjar (2024090536)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjanesbæjar um yfirfærslu Keflavíkurveggar til Reykjanesbæjar og tóku Helguvíkurvegar á vegaskrá.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur staðgengli bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Reykjanesbæjar.

6. Hjúkrunarrými á Suðurnesjum - nýting Hlévangs (2024090499)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn.

Tekið fyrir erindi frá heilbrigðisráðuneytinu vegna Hlévangs.

Bæjarráð felur Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur staðgengli bæjarstjóra og Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að vinna áfram í málinu.

7. Stapasafn - beiðni um innkaup (2024090095)

Stefanía Gunnarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar og Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs mættu á fundinn.

Beiðni um fjárheimild vegna kaupa á búnaði Stapasafns, alls kr. 12.000.000.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til viðauka í fjárfestingaáætlun 2024.

8. Umsókn um breytingu á leyfi til reksturs veitingastaðar - Alex Airport Hotel ehf. - Aðalgata 60 (2024070558)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um leyfi til að reka veitingastað í flokki IV-A. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

9. Uppbygging gróðurhúsa og borun eftir jarðsjó við Patterson svæðið (2023100048)

Lögð fram umsögn sjálfbærnisráðs Reykjanesbæjar.

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. ágúst 2024 (2024010369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 6. september 2024 (2024010259)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

12. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 10. september 2024 (2024010176)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

13. Fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 10. september 2024 (2024010179)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

14. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. september 2024 (2024010205)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga Suðurnesja.

15. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 12. september 2024 (2024030007)

Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

16. Umsagnarmál í samráðsgátt (2024010258)

Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda <https://island.is/samradsgatt/mal/3817>

Umsagnarmál lagt fram.

Bæjarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs að vinna áfram í málinu.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.27